

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Krossanesi



Dags eftirlits	11.10.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungar á Akureyri, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skeljungur hefur í notkun mánaðarlegt skráningarblað sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar í stöðinni í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Átta geymar eru í stöðinni. Allir hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Löndunarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2008.

Tvær olíuskiljur eru í stöðinni. Niðurstöður mælinga er að olía í frárennsli er mest 1,5 ppm. Hin olíuskiljan þjónustar áfyllingarplani og gólfniðurfalli í dæluhúsi. Þar reyndust olíuleifar undir greiningarmörkum aðferðarinnar. Í góðu lagi.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál. Loki í frárennsli þróa stöð lokaður eins og vera ber. Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir eru gerðar við stöðina.

ANNAÐ

Mæla þarf olíu í frárennsli stöðvarinnar á árinu. Einnig styttest í botnþykktarmælingar á tveimur geymum í stöð Skeljungar.

Á næsta ári þarf að þrýstiprófa löndunarlagnir niður á bryggju.

Vegna vatnsaga í þró félagsins safnast upp vatn í nyrstu þrónni. Fyrirhugað er að setja rafstýrðan loka og olíuskynjara í frárennsli þróarinnar.

Nokkuð þröngt er fyrir stærstu olíuflutningabíla að athafna sig við áfyllingarplan stöðvarinnar. Til stendur að stækka áfyllingarplan og snúa því þannig að stórir bílar eigi auðveldara með að athafna sig í stöðinni. Það myndi draga úr árekstrarhættu.

Reykjavík, 06.11.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki nota talist frávik